



AÐGERÐAÁÆTLUN
SVEITARFÉLAGSINS HORNAFJARÐAR
2023-2024

Innleiðing Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna



Stýrihópur um Barnvænt sveitarfélag í Sveitarfélaginu Hornafirði

Febrúar 2024

Efnisyfirlit

1.	Inngangur.....	3
2.	Stöðumat	6
2.1	Stöðumat	6
2.2	Niðurstöður spurningakannana	6
2.2.1	Spurningakönnun barna	6
2.2.2	Spurningakönnun starfsfólks og kjörinna fulltrúa.....	7
2.3	Niðurstöður Barnaþings.....	8
2.4	Niðurstöður úr gátlista stýrihóps	8
2.4.1	Almennt	8
2.4.2	Réttindafræðsla	8
2.4.3	Þjónusta við börn.....	9
2.4.4	Umhverfi	9
2.4.5	Félagsleg og menningarleg þátttaka barna.....	9
2.5	Samtal við sérfræðihópa.....	9
2.5.1	Börn í dreifbýli	10
2.5.2	Fötluð börn yngri	10
2.6	Staðlaðar spurningar frá UNICEF	10
3.	Aðgerðaáætlun Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2023-2025	13
3.1	Raddir barna	14
3.2	Fræðsla	16
3.3	Umhverfi, öryggi og samgöngur	20
3.4	Menntun og skóli	22
4.	Samantekt.....	24
	Fylgiskjal 1 – Sundurliðun á spurningakönnunum.....	25
	Fylgiskjal 2. - Niðurstöður barnaþings.	25

1. Inngangur

Þann 19. Júní 2020 undirrituðu Ásmundur Einar Daðason, þáverandi félags- og barnamálaráðherra, Birna Þórarinsdóttir framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi og Matthildur Ásmundardóttir, þáverandi bæjarstjóri í Sveitarfélaginu Hornafirði, samstarfssamning félagsmálaráðuneytisins, UNICEF á Íslandi og Sveitarfélagsins Hornafjarðar um verkefnið Barnvænt sveitarfélag. Sveitarstjórn og lykilstarfsmenn höfðu fengið kynningu á verkefninu frá UNICEF og með undirritun lauk fyrsta þætti af átta í innleiðingarferlinu.

Í framhaldinu var stofnaður stýrihópur til að halda utan um innleiðingu verkefnisins.

Í stýrihópinn voru skipaðir eftirtaldir aðilar:

- Guðrún Einarsdóttir, verkefnastjóri Barnvæns sveitarfélags, velferðarsviði
- Erla Björg Sigurðardóttir, velferðarsviði
- Ragnhildur Jónsdóttir, fræðslu- og frístundasviði
- Herdís Waage, fræðslu- og frístundasviði
- Ólöf Ingunn Björnsdóttir, fjármála- og stjórnsýslusviði
- Brynja Dögg Ingólfssdóttir, umhverfissviði
- Selma Ýr Ívarsdóttir, ungmennaráði
- Stígur Aðalsteinsson, ungmennaráði
- Ásgerður K. Gylfadóttir bæjarfulltrúi
- Sigrún Sigurgeirsdóttir bæjarfulltrúi

Starfið fór rólega af stað en veturinn 2020-2021 var ákveðið að ráða verkefnastjóra í hlutastarfi til að vinna að innleiðingunni og hóf hún störf 1. janúar 2021. Þá fór loks eitthvað að gerast. Könnun var lögð fyrir starfsmenn sveitarfélagsins og kjörna fulltrúa um þekkingu þeirra á barnasáttmálanum og einnig fyrir alla nemendur í sveitarfélaginu. Barnaþing var haldið haustið 2021 ásamt því að unnið var í rýnihópum með börnum. Þegar lokið var við stöðumat og annan undirbúning var áætlað að hefja vinnu við aðgerðaráætlun en mannabreytingar og fleiri þættir settu verkefnið í biðstöðu. Mannabreytingar og kosningar til sveitastjórnar árið 2022 hafa gert það að verkum að nú er stýrihópurinn mannaður af nýju fólki, fyrir utan einn aðila. Einnig hefur nýr verkefnastjóri tekið við verkefninu. Þetta hefur gert það að verkum að aðgerðaráætlunin er nú tilbúin, aðeins á eftir áætlun.

Nú skipa eftirtaldir aðilar stýrihópinn

- Sigrún Bessý Guðmundsdóttir, verkefnastjóri Barnvæns sveitarfélags, velferðarsviði
- Skúli Þórarinn Ingibergsson, velferðarsviði
- Þórgunnur Torfadóttir, fræðslu- og frístundasviði
- Emil Morávek, fræðslu- og frístundasviði
- Anna Lilja Henrýsdóttir, stjórnsýslusviði
- Brynja Dögg Ingólfssdóttir, umhverfissviði
- Stefán Birgir Bjarnason, ungmennaráði
- Birta Ósk Sigbjörnsdóttir, ungmennaráði
- Sigursteinn Ingvar Traustason, ungmennaráði
- Eyrún Fríða Árnadóttir, bæjarfulltrúi
- Gunnhildur Imsland, bæjarfulltrúi

Verkefnið Barnvæn sveitarfélag er innleitt í átta skrefum sem hvert um sig styður við réttindi barna innan sveitarfélagsins. Skrefin, eins og þau eru tilgreind af UNICEF, eru talin upp hér að

neðan. Við skil þessarar skýrslu er sveitarfélagið Hornafjörður formlega að ljúka skrefi 4 en flestum er ljóst að við erum þegar farin að framkvæma ýmsa þætti í aðgerðaráætluninni.

1. *Staðfesting*

Fyrsta skrefið er staðfesting en þá er tekin þverpólítísk ákvörðun um innleiðingu verkefnisins í sveitarstjórn. Það er gert til þess að skapa samstöðu innan sveitarfélagsins og skipa verkefninu tryggan sess til lengri tíma.

2. *Stöðumat*

Stöðumatið er umfangsmesta skref ferlisins en tilgangurinn með því er að meta stöðu réttinda barna innan sveitarfélagsins. Stöðumatið felur í sér mikla gagnaöflun. Þá er tölfræðigögnum safnað, leiðbeinandi spurningalistum svarað, spurningakannanir eru lagðar fyrir börn og fullorðna, barnþing er haldið og viðtöl eru tekin við sérfræðihópa barna.

3. *Fræðsla*

Stöðumatið gefur til kynna hversu mikillar fræðslu er þörf innan sveitarfélagsins og út frá því er ákveðið hvernig er best að hátta henni. Tryggja þarf að börn og fullorðnir þekki réttindi barna og geti sett þau í samhengi við daglegt líf og störf innan sveitarfélagsins. Viðhalda þarf fræðslunni og því þarf hún að vera regluleg.

4. *Aðgerðaáætlun*

Fjórða skrefið er að útbúa aðgerðaáætlun en hún skal byggja á gögnunum úr stöðumatinu. Mikilvægt er að aðgerðaáætlunin miði að bæði langtíma og skammtíma markmiðum þar sem það er mikilvægt að börn finni strax fyrir áhrifum af verkefninu.

5. *Framkvæmd*

Eftir að aðgerðaáætlun hefur verið samþykkt af bæði UNICEF og sveitastjórn er kominn tími til að framkvæma aðgerðirnar sem í henni eru. Gott getur verið að miða við að framkvæmdin taki u.þ.b. eitt ár. Skipaður er ábyrgðaraðili fyrir hverri aðgerð í áætluninni sem ber ábyrgð á að koma aðgerðinni í framkvæmd innan fyrirfram skilgreinds tímaramma.

6. *Skýrsla*

Tveimur skýrslum verður skilað til UNICEF um framgang verkefnisins. Annarsvegar skilar ungmennaráð einni og hinsvegar stýrihópurinn ásamt verkefnastjóra. Í skýrslu verkefnastjóra og stýrihóps er lögð áhersla á að útskýra hvernig gekk að framkvæma aðgerðirnar í aðgerðaáætlun en skýrsla ungmennaráðsins fjallar aðallega um þau verkefni sem ráðið hefur unnið í tengslum við innleiðinguna ásamt því að taka fram hvaða breytingum börn í sveitarfélaginu hafa fundið fyrir á innleiðingartímanum.

7. *Mat og viðurkenning*

Að fyrstu sex skrefunum loknum er komið að úttekt UNICEF á verkefninu. UNICEF metur hvort að verkefnið hafi verið réttindum barna til framdráttar innan sveitarfélagsins og hvort að aðgerðirnar hafi verið framkvæmdar. Ef sveitarfélagið stenst matið fær það viðurkenningu sem Barnvænt sveitarfélag.

8. *Ný markmið og endurmat*

Viðurkenning Barnvæns sveitarfélags gildir í þrjú ár frá því að hún er veitt. Því þarf sveitarfélagið að setja sér ný markmið og hefja nýtt stöðumat fljótlega eftir að viðurkenning er í höfn, ætli það sér að hljóta viðurkenningu að þremur árum liðnum. Þá þarf sveitarfélagið að fara í gegnum innleiðingarferlið að nýju og ef vel gengur hlýtur það nýja viðurkenningu.

Stýrihópurinn sem nú situr er einhuga og ætlar sér að vinna af alúð að innleiðingu Barnasáttmálans og munu fulltrúar ungmennaráðs byrja að taka út aðgerðaráætlunina strax á vordögum.

2. Stöðumat

Frá upphafi hefur stýrihópurinn fundað nokkuð reglulega. T.a.m. voru 12 fundir haldnir veturinn 2021-2022 og alls hafa 10 fundir verið haldnir í stýrihópnum 2023. Til að byrja með gerðist lítið milli funda en eftir að verkefnastjóri Barnvæns sveitarfélags kom að innleiðingarferlinu fóru hjólin að snúast. Vinna við stöðumatið var sett af stað en samhliða því fór fram ákveðin fræðsla til stýrihóps og nefnda í gegnum fræðsluvef UNICEF um Barnasáttmálann og Barnvæn sveitarfélög.

2.1 Stöðumat

Hér fyrir neðan verður gerð grein fyrir því í hverju stöðumatið fólst og þar á eftir farið yfir niðurstöður úr hverjum þætti fyrir sig. Í ferlinu var stuðst við bæði staðla og gátlista frá UNICEF. Nauðsynlegt var að afla gagna til að geta unnið stöðumatið og var þeirra aflað með eftirfarandi hætti.

- Spurningakannanir voru lagðar fyrir í börn í sveitarfélaginu vorið 2021
- Spurningakannanir voru lagðar fyrir starfsfólk sveitarfélagsins vorið 2021
- Spurningakannanir voru lagðar fyrir kjörna fulltrúa í sveitarfélaginu vorið 2021
- Barnaþing var haldið í nóvember 2021
- Stýrihópurinn svaraði spurningalista frá UNICEF vorið 2021.
- Samtal við sérfræðihópa átti sér stað í janúar og febrúar 2022.

Sundurliðun á niðurstöðum spurningakannana fyrir börn og starfsfólk má finna í fylgiskjali 1.

2.2 Niðurstöður spurningakannana

2.2.1 Spurningakönnun barna

Heildarfjöldi barna var samtals 157 börn. Af þeim skilgreindu 42% sig sem stelpu, 53% sem strákar og 4% merktu við annað.

Samkvæmt könnuninni er töluð eingöngu íslenska á 79% heimila. Á 15% heimila er töluð íslenska ásamt öðru tungumáli og á 6% heimila er eingöngu talað annað tungumál.

Rúmlega helmingur barna, 59%, höfðu heyrt um Barnasáttmálann. Einungis 26% barna gátu nefnt einhver réttindi sem eru í Barnasáttmálanum og voru flest börn með það á hreinu að börn eigi rétt á því að tjá sig og hafa áhrif. Hins vegar vissi rúmlega helmingur barna ekki hvort Barnasáttmálinn ætti við um þau, eða hvort þau héldu réttindum sínum ef þau gerðu eitthvað af sér.

61% barna höfðu ekki verið beðin um álit varðandi málefni sem snerta börn í sveitarfélaginu. 55% barna höfðu þó fengið að hafa áhrif á skipulag íþróttá- og tómstundastarfs í sveitarfélaginu.

Rúmlega helmingur barna eða 59% barna höfðu ekki fengið kynningu um ungmennaráð sveitarstjórnar. Aðspurð hvort þeim finnst þau geta tekið þátt í starfi ungmennaráðs svöruðu 35% því játandi, 24% neitandi en um 42% vissu ekki af möguleikum þeirra á að taka þátt í ungmennaráði.

Aðspurð um þekkingu þeirra á nemendaráði og skólaráði hafði þriðjungur barna fengið kynningu á báðum ráðum. 42% barna hafði eingöngu fengið kynningu um nemendaráð, en 4,5% hafði eingöngu fengið kynningu um skólaráð.

Í heildina þótti 47% barna mjög gott að búa í sveitarfélaginu en um 5% barna þótti það frekar slæmt, slæmt eða mjög slæmt. Heildarhlutfall þeirra sem þótti það frekar gott, gott eða mjög gott er um 85%.

Almennt töldu skólabörn sig fá tækifæri til að hafa áhrif á kennslustundir eða viðburði í skólanum eða 88%. Aðspurð hvort starfsfólk skólans viti hvernig á að bregðast við vanlíðan barna, töldu 42% barna svo vera. 68% barna töldu öll börn fá jöfn tækifæri til að tjá sig í kennslustund. Mikill meirihluti barna gat leitað til fullorðinna innan skólans ef þeim leið ekki vel. Þó svöruðu 17% barna að þau gætu ekki leitað til neins.

2.2.2 Spurningakönnun starfsfólks og kjörinna fulltrúa

Í könnuninni tóku 127 einstaklingar þátt. Að meðaltali slepptu um 7 einstaklingar að svara hverri spurningu sem getur haft áhrif á tölfræðina. Nákvæman svarafjöldi má sjá í fylgigögnum.

Flestir þeirra eða um 98%, höfðu heyrt talað um Barnasáttmálann og gátu 65% nefnt fjögur réttindi barna samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. 98% töldu börn alltaf eiga rétt á því að tjá sig, óháð aldri eða þroska. Þá vissu 94% að Barnasáttmálinn nær yfir öll börn en 5% vissu það ekki. 94% vissu að börn halda réttindum sínu óháð hegðun og 82% töldu ástæðu til að tryggja réttindi barna á Íslandi enn frekar samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þá hafði rétt rúmlega helmingur eða 51% fengið fræðslu um réttindi barna, 38% hafði ekki fengið fræðslu og 11% gátu ekki sagt til um hvort þau hefðu fengið slíka fræðslu.

Af þeim sem svöruðu gátu 78% tengt Barnasáttmálann við starfið sitt en 22% gátu það ekki. 67% sögðust fá álit barna á þeim málum sem þau varða, tengd starfi sínu á meðan 25% töldu það ekki eiga við.

Aðspurð hvort að börn hafi áhrif á mál sem þau varðar í starfi svöruðu meirihluti því játandi að börn hafi áhrif. 34% töldu börn jafnvel geta haft meiri áhrif á starfið en 6% töldu börn ekki hafa áhrif en mögulegt væri að þau gætu það. 8% telja börn hafa engin áhrif á starf sitt. Í heildina telja 15% telja spurninguna ekki eiga við sitt starf.

Þegar starfsfólk í könnuninni var spurt um hvort þau teldu sig hafa svigrúm þess að leita eftir viðhorfum barna svöruðu 64% játandi, 14% neitandi og 23% töldu það ekki eiga við. Þar má nefna að 62% starfsfólks vinna beint með börnum.

Af starfsfólki sem starfar með börnum höfðu 77% fengið kynningu um tilkynningaskyldu samkvæmt barnaverndarlögum. Verklagsreglur um tilkynningaskyldu eru skýrar, eða 74% töldu svo vera en 14% voru ekki með verklagsreglurnar á hreinu. 68% höfðu fengið markvissa fræðslu um ofbeldi og vanrækslu á börnum og voru 14% sem töldu sig ekki hafa fengið slíka fræðslu. Yfirgnæfandi meirihluti starfsfólks, um 92%, vita hvernig á að bregðast við ef grunur er um ofbeldi gagnvart barni en 3% starfsfólks kann ekki eða vill ekki tilkynna slíkan grun.

Þegar starfsfólk í könnuninni var spurt hversu sammála eða ósammála það væri innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, voru 70% mjög sammála, 19% sammála, 10% hlutlaus og 1% mjög ósammála.

2.3 Niðurstöður Barnþings

Barnþing var haldið þann 3 og 4. nóvember 2021 í Grunnskóla Hornafjarðar og í Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu. Niðurstöður þingsins voru fremur jákvæðar og börnin komu með ýmsar góðar ábendingar um hvað mætti betur fara. Börnunum líður almennt vel í skólanum og eru ánægð með ýmsar námsgreinar líkt og íþróttir, listgreinar og sund. Þau höfðu einnig áhuga á að taka upp fleiri námsgreinar og fleiri skapandi greinar. Börnin töldu mikilvægt að fá góðan vinnufrið í skóla og vilja frekari hagnýtar námsgreinar sem nýtast þeim í framtíðinni, líkt og fjármálalæsi, jafnréttisfræðslu og fleiri verklegar greinar.

Þau voru jákvæð í garð íþróttastarfs í sveitarfélaginu og æfa flest einhverja íþrótt. Á sama tíma kom fram að börn með fatlanir hafa ekki sama aðgengi að íþróttum og tómstundum og huga þarf að þeirra tækifærum. Börnunum var umhugað um útivistarsvæði og öryggismál fyrir bæði gangandi og hjólandi. Þau vilja bættari græn svæði og betri leikvelli.

Börnin vilja að félagslífið fái meira vægi, bæði í skipulögðum tómstundum, með aukinni afþreyingu en einnig með því að minnka heimanámið svo að þau fái meiri frítíma. Þau lögðu líka áherslu á að auka aðgengi barna að sérhæfðri aðstoð og bjargráðum vegna slæmrar geðheilsu og vanlíðanar. Einnig voru þau ánægð með þá fræðslu sem þau höfðu fengið og höfðu ýmsar góðar hugmyndir um framtíðar fræðslu.

Vegna þess hve langt er síðan barna þingið var haldið þá hafa ýmis atriði verið bætt og verður áhugavert að sjá samanburðinn við þingið sem nýbúið er að halda.

Nánari niðurstöður barnþingsins má sjá í fylgiskjali 2.

2.4 Niðurstöður úr gátlista stýrihóps

Niðurstöður úr stöðluðum spurningalista UNICEF sem lagður var fyrir stýrihópin vorið 2021. Svörum er skipt í undirflokkka eftir efni.

2.4.1 Almennt

Í starfsemi leik- og grunnskóla er það kynnt fyrir öllum hlutaðeigandi hvernig eigi að bregðast við ef brotið er á réttindum barna. Til eru verkferlar sem eru kynntir fyrir hagsmunaaðilum, kennurum, starfsfólki skólans, fulltrúum í fræðslunefnd, foreldrum og börnum. Einnig er hægt að finna upplýsingarnar á heimasíðu sveitarfélagsins, en þær eru vandfundnar og eru upplýsingarnar sniðnar að fullorðnum.

Hvergi er vísað í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í stefnumótandi skjölum, en velferðarsvið tekur mið af réttindum barna. Sveitarfélagið tekur almennt mið af réttindum fólks, en ekki sérstaklega að réttindum barna.

2.4.2 Réttindafræðsla

Réttindafræðslu má sinna betur á öllum sviðum sveitarfélagsins. Velferðarsvið stendur sig best og kynnir réttindi barna út frá barnaverndarlögum. Starfsfólk sveitarfélagsins, kjörnir fulltrúar og forstöðumenn hafa ekki fengið réttindafræðslu eða þjálfun í að vinna eftir Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna og sama má segja um skólaráð, ungmennaráð og nemendafélög. Sú staðreynd að réttindafræðslu sé ekki sinnt eins vel og vonir standa til, hefur einnig aðrar afleiðingar. Vegna þess að fræðslan er ekki nægilega mikil þá gengur illa að samþætta réttindi

barna við daglegt starf stofnanna ásamt því að erfitt er að taka tillit til ólíks reynsluheims barna. Hins vegar hefur sveitarfélagið nýtt sér utanaðkomandi fræðslu eins og Samtökin 78 og Blátt áfram.

Réttindafræðsla er í boði í grunnskólanum og er barnasáttmálinn sýnilegur á veggjum skólans. Réttindafræðsla er ekki hluta af skólanámskrá leik- og Grunnskóla Hornafjarðar.

Velferðarsvið, skóli og heilsugæsla vinna náið saman, sérstaklega hvað varðar börn með sérþarfir, börn sem sækja um alþjóðlega vernd eða börn sem þurfa á félagsþjónustu að halda. Í því starfi er unnið út frá réttindum barna og í þessum málaflokkum er þekkingin góð. Annarsstaðar innan sveitarfélagsins er þekkingin á þessum réttindum ekki eins góð, sérstaklega þar sem ekki er unnið beint með viðkomandi börnum.

2.4.3 Þjónusta við börn

Upplýsingar og ráðgjöf, án aðkomu foreldra, er ekki aðgengileg börnum og unglíngum annars staðar en í gegnum skóla og frístundastarf. Til eru upplýsingabæklingar í prentformi og á heimasíðu sveitarfélagsins. Þrátt fyrir það eru börnin ekki nægilega upplýst og geta ekki með auðveldum hætti komið ábendingum um brot á réttindum áleiðis án aðkomu fullorðinna.

Sveitarfélagið þarf einnig að huga betur að málum ungmennaráðs þar sem ekki er bundið í verklag reglulegt eða uppbyggilegt samráð við ungmennaráð.

2.4.4 Umhverfi

Ekki hefur verið tekið markvisst tillit til sjónarmiða barna í skipulagsmálum og við mótun svæða á staðnum, eins og íbúðarbyggð, göngustíga, græn svæði, svo eitthvað sé nefnt. Börn eru ekki með í hönnun svæða og fá ekki tækifæri til að hafa áhrif. Ekki er sérstaklega tekið tillit til barna með sérþarfir, eða óhefðbundin áhugamál, við hönnun og skipulag á almenningssvæðum.

2.4.5 Félagsleg og menningarleg þátttaka barna

Sveitarfélagið styður börn við íþrótt- og tómsundastarf með frístundastyrk og sérstakri fjárhagsaðstoð, samkvæmt reglum sveitarfélagsins um fjárhagsaðstoð. Niðurgreiðslan er ekki sérstaklega kynnt fyrir börnum. Velferðarsviðið aðstoðar bæði börn með takmarkað fjármagn og börn með fatlanir við tómsundir.

Upplýsingar um viðhorf barna til frístunda er ekki safnað saman og því ekki hægt að styðjast við slík gögn við t.d. úthlutun styrkja.

2.5 Samtal við sérfræðihópa

Ákveðið var að ræða við þrjá sérfræðihópa barna. Hóparnir voru ákvarðaðir með tilliti til þess hvaða börn gætu hugsanlega ekki komið sjónarmiðum sínum á framfæri á Barnaþingi eða í skoðanakönnun vegna þess hve fámennir þeir eru. Þó er sérstaða þeirra mikil og mikilvægt að sjónarhorn barnanna komist til skila.

2.5.1 Börn í dreifbýli

Flestum finnst erfitt að vakna á morgnanna og væru til í að skólinn byrji seinna. Þau sem búa lengst frá skólanum þurfa að vakna klukkan 6:30. Mörgum finnst hávaði í rútunni. Þá finnst þeim erfitt að stunda íþróttir, því þær eru búnar eftir að rútan fer aftur í sveitina. Vildu að rútan færi klukkutíma seinna.

2.5.2 Fötluð börn yngri

Yngri börn með fötlun vildu að það væru lægri körfuboltakörfur á Höfn. Einnig vildu þau að lyftan í grunnskólanum færi hraðar og að það væru eftirréttir á hátíðardögum. Hvað varðar umhverfið og öryggi, þá bentu þau á að gangbraut sem þau nýta sér við Fiskhól, endar úti í grasi. Einnig vildu þau fá gönguljós til að geta ferðast öruggari yfir götur. Upp kom sú hugmynd hjá börnunum að nýta símana til þess að auðvelda samveru barnanna utan skólatíma. Þá gætu allir sent skilaboð þegar þau fara út að leika sér og þar með auðveldað öðrum að mæta líka, taka þátt eða horfa á.

2.5.3 Fötluð börn eldri

Þeim finnst erfitt að vakna á morgnana og vilja að skólinn byrji seinna. Þau lýstu því yfir að þeim þætti skortur á leiktækjum og leikvöllum. Eins óskuðu þau eftir sandkassa á skólalóðina til að leika sér í. Einnig kom það sjónarmið fram að þau vilja að allir nemendur skólans geti borðað saman í matsal. Vegna stærðar matsalarins þá borða nemendur grunnskólans í þremur aðskildum hópum.

2.5.4 Börn af erlendum uppruna

Börn af erlendum uppruna hafa áhuga á því að læra móðurmálið sitt í skólanum. Þá finnst þeim erfitt að læra dönskuna sem viðbótartungumál. Þau vilja hafa möguleikann á því að geta tekið dýr með í skólann stöku sinnum. Líkt og aðrir sérfræðihópar vilja þau sjá fleiri leiktæki og stærri leikvelli. Þau óskuðu eftir því að hafa blóm á skólalóðinni og þau langar að læra að teikna og spila handbolta.

2.6 Staðlaðar spurningar frá UNICEF

Hvernig gekk að fara í gegnum leiðbeinandi spurningalistana?

Hver og einn fundarmaður úr stýrihópnum svaraði gátlistunum heima og sendi svörin á umsjónarmann og síðan fór stýrihópurinn yfir svörin saman á næsta fundi. Þessi vinna gekk vel fyrir sig.

Hvernig var skipulagi vinnunnar háttað? Var leitað til viðeigandi aðila eftir svörum?

Stýrihópurinn samanstendur af fulltrúum frá öllum sviðum sem leituðu upplýsinga hjá sínu samstarfsfólki eftir þörfum.

Hvernig var þátttöku barna háttað í þessari vinnu?

Þau börn sem voru í stýrihópnum svöruðu eftir bestu getu.

Hverjar voru helstu niðurstöður þessarar vinnu? Var eitthvað sem kom á óvart?

Það kom okkur á óvart hversu yfirgripsmikið verkefnið er en það var ánægjulegt að sjá hvernig staða mála var í upphafi hjá sveitarfélaginu.

Kom eitthvað í ljós sem sveitarfélagið er að gera sérstaklega vel?

Þátttaka ungmenna í stjórnsýslunni er góð t.d. í gegnum ungmennaráð og áheyrnarfulltrúa í nefndum. Þar að auki eru haldin ungmennabing og skólabing þar sem fulltrúar úr bæjarstjórn koma til að hlusta á niðurstöður og þær eru kynntar foreldrum.

Kom eitthvað í ljós sem stýrihópurinn sá strax að þarf að bæta?

Þekking á barnasáttmálanum mætti vera betri. Sum svið s.s. umhverfis- og skipulagssvið geta nýtt samtali við börn mun meira en áður hafði verið gert.

Hvernig var skipulagi og framkvæmd barnabings háttað? (T.d.- var eitthvert sérstakt þema eða yfirskrift?)

Haldin voru tvö barnabing á Höfn sitthvorn daginn. Þingunum var skipt eftir aldri þar sem annan daginn funduðu 6-10 ára og hinn daginn funduðu börn á aldrinum 11-17 ára. Þá var eitt barnabing haldið í Grunnskólanum í Hofgarði sem er staðsettur í Örafum. Fjögur þemu voru á barnabingunum: Skólamál, félagslíf og menning, forvarnir, umhverfi og skipulag.

Hvert var hlutverk ungmennaráðs?

Þau voru umræðustjórar og fengu til liðs við sig nemendur úr 10. bekk.

Hvernig gekk framkvæmdin og hver var þátttakan?

Þátttaka var eins og ætlast var til og öll börn á aldrinum 6-17 ára tóku þátt sem voru mætt í skólann þann dag.

Hverjar voru helstu niðurstöður barnabings?

Niðurstöður barnabings má finna í fylgiskjali 2.

Var niðurstöðum deilt með þátttakendum þingsins?

Niðurstöður barnabingsins voru kynntar í tvígang, annars vegar fyrir þátttakendum í grunnskóla og hins vegar fyrir þátttakendum á framhaldsskólaaldri. Ungmennaráð sá um að kynna niðurstöðurnar. Einnig voru niðurstöðurnar kynntar á heimasíðu sveitarfélagsins.

Við hvaða hópa barna ákvað stýrihópurinn að þarft væri að ræða við sérstaklega? (sérfræðihópur barna)

Börn úr dreifbýli, börn með fatlanir og börn af erlendum uppruna og hinsegin hóp en ákveðið að hætta við þann hóp út af hinsegin viku sem var fram undan.

Hvernig nýttust niðurstöður leiðbeinandi spurningalista, spurningakannananna og niðurstöður barnabings þegar kom að því að ákveða við hvaða hópa barna þyrfti að ræða?

Þær nýttust ágætlega.

Hvernig var framkvæmd og skipulagi rýnihópaviðtalanna háttað? (Hvaða fagaðili tók að sér framkvæmdina, hvernig var viðmælendum boðin þátttaka og hvernig var gætt að því að þeirra þátttaka væri merkingarbær og jákvæð upplifun?)

Starfsmenn skólans völdu þátttakendur í sérfræðihópna í samráði við fagaðila í félagsþjónustu sveitarfélagsins Hornafjarðar. Í framhaldi að því tóku sömu fagaðilar viðtöl við börnin.

Hvernig var unnið úr niðurstöðum viðtalanna?

Notaðar voru skráðar upplýsingar úr rýnihópaviðtölum. Rýnihópaviðtölin voru frá þemum barnþingsins.

Hverjar voru helstu niðurstöður viðtalanna?

Niðurstöður þeirra voru að miklu leiti í takt við niðurstöður barnþingsins og má sjá þær í kafla um sérfræðihópa.

3. Aðgerðaáætlun Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2023-2025

Hér hafa verið teknar saman aðgerðir sem stýrihópur verkefnisins hefur forgangsraðað og mynda aðgerðaáætlun fyrir árin 2023-2025 vegna innleiðingar Barnasáttmálans í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Aðgerðaáætlunin byggir á niðurstöðum stöðumats. Stöðumatið byggir á skoðanakönnun meðal starfsmanna sveitarfélagsins, niðurstöðum ungmennahóps og rýnihópavinnu með bönum úr minnihlutahópum. Tenging við stöðumat er tilgreind undir hverri aðgerð. Ábyrgðaraðili er tilgreindur fyrir hverja aðgerð en hann ber ábyrgð framkvæmd aðgerðarinnar innan tímaramma sem einnig er tilgreindur. Tekið er fram hvaða greinum Barnasáttmálans aðgerð tengist sérstaklega. Þá er mælikvarði fyrir hverja aðgerð settur fram, fjárþörf tilgreind sé hún til staðar auk þess sem aðgerðir eru tengdar við markmið Barnsvæns sveitarfélags og þær greinar Barnasáttmálans sem við á.

Mikilvægt er að taka það fram að aðgerðaáætlun þessari er ekki ætlað að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eins og hann leggur sig enda er það verkefni sem lýkur aldrei.

Yfirflokkar aðgerða eru eftirfarandi:



3.1 Raddir barna

Aðgerð 1. Barnaþing og rýnihópar

Markmið og lýsing: Annað hvert ár skal halda barna og ungmennapaþing í Sveitarfélaginu Hornafirði. Markmið þess er að skapa ungu fólki vettvang til að ræða um mál sem eru því mikilvæg. Þinginu er skipt í þrjá hluta eftir aldri þátttakenda en allir hópar funda á sama eða svipuðum tíma. Hóparnir skipast þá annarsvegar í börn á aldrinum 6 – 12 ára, ungmenni 13 – 18 ára og unga fullorðna 18 – 24 ára. Spurningar og skipulag þings er aðlagað að aldri þátttakenda. Þingið er á fyrir yngri hópana tvo er á skólatíma en skoðað verður hvort það þurfi að hafa þingið fyrir yngri fullorðna síðdegis eða að kvöldi til. Meginmarkmiðið er að bjóða öllum á aldrinum 6-24 ára að taka þátt. Starfsmenn þingsins eru kennarar, ungmennaráð og nemendaráð grunn- og framhaldskólans. Umræðuefni er ákvarðað í samráði við ungmennaráð og reynt að hafa stór mál inni í umræðunni. Niðurstöðurnar verða sem mest teknar saman á þinginu sjálfu og kynntar sem fyrst. Ungmennaráð mun að mestu leyti sjá um kynningar sem fram fara í öllum nefndum sveitarfélagsins og á opinberum vettvangi og þannig nýttar í almennri stefnumörkun og starfsemi sveitarfélagsins.

Í kjölfar Barnaþings verða rýnihópar með börnum sem talist geta til minnihlutahópa og gætu átt erfitt með að koma skoðunum sínum á framfæri í stærri hóp. Má þar nefna börn af erlendum uppruna, fötlud börn og börn úr dreifbýli.

Tenging við stöðumatíð: Stöðumatíð sýnir okkur að barnaþing er mikilvæg leið fyrir börn að koma sínum sjónarmiðum á framfæri en einnig að rýnihópar eru nauðsynlegir fyrir minnihlutahópa.

Ábyrgðaraðili: Verkefnastjóri á fræðslu og frístundarsviði sem er starfsmaður ungmennaráðs. Hann nýtur aðstoðar skólastjórnenda og starfsmanna grunnskólans.

Tímarammi: Haldið annað hvert ár á haustmánuðum.

Mælikvarði: Sýnt verður fram á að þingin hafi verið haldin og að niðurstöðurnar séu notaðar í vinnu ungmennaráðs. Niðurstöðurnar verða einnig kynntar bæjarfulltrúum og starfsfólki og þess gætt að niðurstöðurnar verði sýnilegar.

Fjárbörf: Gera þarf ráð fyrir veitingum á Barnaþingi og tíma verkefnastjóra og ungmennaráðs til að undirbúa þingið og vinna úr niðurstöðum þess.



Aðgerð 2: Samráð við ungmennaráð

Markmið og lýsing: Ungmennaráð skipar áheyrnarfulltrúa í allar fastanefndir sveitarfélagsins og gefst ungmennaráði þannig kostur á að koma sjónarmiðum ungs fólks á framfæri. Starfsmaður ungmennaráðs tengir áheyrnarfulltrúa við sviðstjóra eða starfsmenn nefnda. Það gerir hann með því að halda einstaklingsfundi í upphafi hvers starfsárs með áheyrnarfulltrúum og starfsmönnum nefnda til að koma af stað persónulegum og góðum samskiptum á milli starfsmanna og áheyrnarfulltrúa ungmennaráðs. Þannig er lögð er áhersla á að starfsmenn nefnda eigi í góðu sambandi við áheyrnarfulltrúa og valdefli þá innan nefnda. Unnið er að því bæta þessa vinnu og auka vægi ungmennaráðs í þeim málum sem ungmennaráð vill hafa áhrif á. Nú þegar hefur ungmennaráð áheyrnarfulltrúa í hverri nefnd og ungmennaráð fundar mánaðarlega. Markmiðið er að auka samstarfið á milli nefnda og ungmennaráðs og efla raddir þess innan stjórnsýslunnar.

Tenging við stöðumat: Í niðurstöðum úr gátlistum stýrihóps kemur fram að hvergi er vísað í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í stefnumótandi skjölum en í Barnasáttmálanum er tekið fram að hlustað skuli á raddir barna þegar ákvarðanir eru teknar um mál sem snúa að þeim.

Ábyrgðaraðili: Starfsmaður ungmennaráðs. Sviðstjórar, nefndarformenn og starfsmenn nefnda.

Tímarammi: Fyrirkomulagið skal mótað fram til 2025 en mikilvægt er að því sé viðhaldið og þróað áfram eftir þörfum.

Mælikvarði: Mæting áheyrnarfulltrúa ungmennaráðs á fastanefndafundi og fjöldi mála sem vísað er til umræðu í ungmennaráði. Einnig verður lokaskýrsla ungmennaráðs nýtt til að meta árangurinn.

Fjárbörf: Greitt er fyrir setu í ungmennaráði og fyrir setu ungmennaráðsfulltrúa í nefndum.



3.2 Fræðsla

Aðgerð 3: Markviss fræðsla fyrir starfsfólk.

Markmið og lýsing: Markmiðið er að starfsfólk á öllum sviðum sveitarfélagsins þekki réttindi barna og tilgang verkefnisins Barnvænt sveitarfélag. Verkefnisstjóri Barnvæns sveitarfélags og réttindafulltrúar stýra réttindafræðslu fyrir starfsfólk og skal miða við að hún sé í kringum 20. nóvember sem er afmælisdagur Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna. Miða skal við að a.m.k. 75% starfsmanna fá fræðslu um Barnasáttmálann á hverju ári. Mælst er til að allir forstöðumenn taki part af degi í fræðslu fyrir starfsfólk. Þá skal nýtt starfsfólk upplýst um verkefnið Barnvænt sveitarfélag og hvernig er unnið samkvæmt Barnasáttmálanum. Þetta þýðir að hver stofnun verður að hafa mótað sér stefnu um það hvernig hún ætlar að virða stefnu Barnasáttmálans og virkja hann. Réttindafulltrúi mun halda utan um þá stefnumótun í samstarfi við stjórnendur og skila til verkefnastjóra.

Tenging við stöðumatíð: Fram kom í stöðumatinu að hluti starfsfólks sveitarfélagsins þekkir ekki vel til Barnasáttmálans eða réttinda barna. Eins er hluti starfsfólks sem að telur raddir barna vera óviðkomandi þeirra starfssviði. Þá voru 15% starfsfólk ekki viss um hvort að tryggja þyrfti réttindi barna enn frekar.

Ábyrgðaraðili: Forstöðumenn og réttindafulltrúar. Verkefnastjóri Barnvæns sveitarfélags og starfsmaður ungmennaráðs Hornafjarðar aðstoðar við að finna fræðslu og hvetja til stefnumótunar innan stofnana.

Tímarammi: Framkvæmt á hverju ári.

Mælikvarði: Hlutfall starfsfólks sem hefur lokið fræðslu um Barnvænt sveitarfélag á vegum UNICEF.

Fjárbörf: Gera þarf ráð fyrir að einhver kostnaður geti fylgt fræðslu t.d. vegna fyrirlestra og ferða í kringum það.



Aðgerð 4: Allar stofnanir sveitarfélagsins tilnefni réttindafulltrúa

Markmið og lýsing: Hver stofnun sveitarfélagsins tilnefni einn réttindafulltrúa sem beri megin ábyrgð á því að horft sé með gleraugum barna á allt starf stofnunarinnar. Þannig heldur réttindafulltrúinn Barnasáttmálanum á lofti innan vinnustaðarins. Réttindafulltrúar fundi árlega með verkefnastjóra Barnvæns sveitarfélags þar sem farið er yfir stöðuna og farið yfir hugmyndir um hvað hægt er að gera. Réttindafulltrúar verða tengiliðir verkefnastjóra inn í stofnanir sveitarfélagsins.

Tenging við stöðumat: Fram kom í stöðumati að þekking starfsfólks á Barnasáttmálanum er ábótavant en einnig að starfsfólk veit ekki alltaf hvernig það getur tryggt réttindi barna.

Ábyrgðaraðili: Verkefnastjóri Barnvæns sveitarfélags og forstöðumenn.

Tímarammi: Fyrstu réttindafulltrúar verða tilnefndir í febrúar 2024 og fyrsti fundur með þeim í mars. Nöfn og skipan skulu yfirfarin á hverju ári í aðdraganda 20. nóvember.

Mælikvarði: Árlegur fundur réttindafulltrúa með verkefnastjóra Barnvæns sveitarfélags

Fjárbörf: Vinnuframlag starfsmanna



Aðgerð 5

5: Réttindafræðsla fyrir börn

Markmið og lýsing: Markmiðið er að öll börn í sveitarfélaginu þekki réttindi sín.

Árlega á verkefnastjóri innleiðingar Barnasáttmálans fund með réttindafulltrúum skólstofnana þar sem farið er yfir hvaða fræðslu börn fá um réttindi sín og hvernig hún fer fram. Unnið verði að því að tengja þá fræðslu sem fyrir er við barna við Barnasáttmálann svo nemendum, starfsmönnum og foreldrum sé ljós mikilvægi hans. Að Barnasáttmálans sé getið í skólanámskrá og tekið þar fram hvernig fjallað er um hann.

Tenging við stöðumat: Í spurningakönnun fyrir börn kom í ljós að rúmlega 40% barna þekktu ekki Barnasáttmálann og að ríflega 70% barna þekktu ekki fjögur eða fleiri réttindi barna.

Ábyrgðaraðili: Verkefnastjóri Barnvæns sveitarfélags, réttindafulltrúar skólstofnana og skólastjórnendur auk ungmennaráðs.

Tímarammi: Árlegt.

Mælikvarði: Annað hvert ár verður spurningakönnun verkefnisins lögð fyrir nemendum grunnskólans til að mæla þekkingu þeirra á Barnasáttmálanum

Fjárförf: Vinnuframlag starfsmanna



Aðgerð 6: Réttindafræðsla fyrir foreldra

Markmið og lýsing: Að upplýsa foreldra um réttindi barna. Með því móti geta foreldrar haldið áfram með fræðsluna heima fyrir en einnig tryggt að börn þeirra njóti þeirra réttinda sem þeim ber. Foreldrar eru upplýstir um aðgengilegt efni sem snýr að Barnasáttmálanum og réttindum barna og boðið að taka þátt í fræðslu þegar hún á sér stað.

Tenging við stöðumat: Í niðurstöðum úr gátlista stýrihóps kemur fram að réttindafræðslu má sinna betur á öllum sviðum sveitarfélagsins. Mikilvægur hluti þess að sveitarfélag sé barnvænt er að foreldrar þekki réttindi barna.

Ábyrgðaraðili: Verkefnastjóri Barnvæns sveitarfélags.

Tímarammi: Árlega sé foreldrum sendir hlekkir og póstur um hverskonar fræðslu sem nýtist í réttindafræðslu til foreldra. Margt smátt gerir eitt stórt.

Mælikvarði: Fræðsluefni sem dreift er til foreldra.

Fjárbörf: Vinnuframlag starfsfólks.



3.3 Umhverfi, öryggi og samgöngur

Aðgerð 7: Börn fá tækifæri til að setji mark sitt á umhverfis og skipulagsmál.

Markmið og lýsing: Að börn og ungmenni hafi möguleika á því að hafa áhrif á umhverfis sitt með því að taka þátt í umhverfis og skipulagsmálum. Reglan sé að þegar unnið er að skipulagi sem snýr að einhverju leyti að umhverfi barna þá sé það kynnt fyrir börnum og kallað eftir hugmyndum þeirra. Þessi verkefni eru fjölmörg s.s. leikvöllir, skólalóðir, íþróttasvæði, skólar, opin svæði, göngustíga og margt fleira.

Stefnt að því að vinna a.m.k. minnsta kosti eitt verkefni í tengslum við umhverfi barna í samstarfi við Grunnskóla Hornafjarðar á hverju ári. Fyrsta verkefnið er valnámskeið í skipulagsmálum á vordögum 2024.

Tenging við stöðumat: Börn höfðu sterkar skoðanir á umhverfi sínu, hvort sem er varðandi leikvelli, lýsingu, gangstéttar eða umferðaröryggi. Þessi sjónarmið ættu að fá meiri hljómgrunn inn í skipulagsvinnu.

Ábyrgðaraðili: Umhverfis- og skipulagssvið í samstarfi við ungmennaráð.

Tímarammi: Alltaf í gangi.

Mælikvarði: Fjöldi kynninga og samræðna sem teknar hafa verið með börnum. Fjöldi verkefna sem unnin eru með skólanum a.m.k. eitt á ári.

Fjárbörf: Vinnuframlag starfsfólks



Aðgerð 8: Bæta göngu og hjólaleiðir

Markmið og lýsing: Að markvisst sé unnið að því að bæta göngu- og hjólaleiðir innan sveitarfélagsins með það í huga að auka öryggi barna en einnig annarra vegfarenda. Um leið er verkefnið hvatning til barna um að ganga og hjóla og nota virkan ferðamáta sem eru mikilvæg skilaboð til allra. Unnið verði að því að þróa og nýta margar leiðir fyrir börn að koma skoðunum sínum á framfæri. Lagður er fram listi með ábendingum frá börnum sem ábyrgðaraðilar geta nýtt sér.

Tenging við stöðumat: Það kom fram í viðtölum við börnin að þau vilja fá öruggari göngu- og hjólaleiðir ásamt því að þeim þykir vanta viðeigandi lýsingu við stíga. Þau nefndu nokkra staði þar sem þarf sérstaklega að huga að umferðaröryggi og lagfæring á gangstéttum.

Ábyrgðaraðili: Umhverfis- og skipulagsnefnd ásamt starfsmönnum sviðsins og bæjarstjórn.

Tímarammi: Ábendingar barna eru yfirfarnar árlega.

Mælikvarði: Hversu mörgum ábendingum er brugðist við á ári.

Fjárbörf: Gæti verið töluverð – fer eftir eðli verkefna en ætti að geta fallið vel að markmiðum umhverfis og skipulagsnefndar.



3.4 Menntun og skóli

Aðgerð 9: Börn af erlendum uppruna fá stuðning við að efla sig í sínu móðurmáli

Markmið og lýsing: Að börn af erlendum uppruna fá stuðning til að viðhalda móðurmáli sínu. Skólinn veiti einstaklingsmiðað nám og taka mið af þörfum hvers og eins. Skólinn bjóði upp á t.d. fjarkennslu og stuðning við foreldra til að sinna móðurmálskennslu t.d. í gegnum móðurmál.is. Æskilegt er að skólarnir myndi sér tungumálastefnu sem nær til barna annarsvegar og starfsmanna hinsvegar. Í aðalnámskrá er fyrst og fremst gert ráð fyrir góðri kennslu í íslensku sem annað tungumál en einnig að skólinn styðji við virkt tvítyngi t.d. með því að bjóða börnum að vinna verkefni á móðurmálinu, lesa á móðurmálinu og anna slíkt.

Tenging við stöðumat: Fram kemur í niðurstöðum sérfræðihópa að börn af erlendum uppruna langi að læra móðurmálið sitt t.d. í stað þess að læra dönsku.

Ábyrgðaraðili: Skólastjórnendur.

Tímarammi: Verkefni sem vinna þarf alla dag ár hvert.

Mælikvarði: Hvort búið er að móta tungumálastefnu fyrir skólana. Fylgst með hversu mörg börn fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli og hversu mörg börn fá notið móðurmálskennslu af einhverju tagi. (Eru tvítyngd og unnið í að svo verði áfram).

Fjárbörf: Rúmast innan fjárheimilda stofnunarinnar.



Aðgerð 10: Seinkun skólabyrjunar

Markmið og lýsing: Skólabyrjun verði seinkað frá 8:10 til 8:30 í Grunnskóla Hornafjarðar og í framhaldinu verði skoðað hvort seinka ætti honum meira.


Tenging við stöðumat: Fram kom í niðurstöðum og viðtölum við sérfræðihópa að börn sem búa í dreifbýlinu þurfa að vakna mjög snemma til að mæta á réttum tíma í skólann. Fræðsla síðustu ára um mikilvægi svefns segir okkur að svefn og hvíld sé einn af mikilvægustu þáttum heilbrigðs lífnis og því er mikilvægt að stofnanir sveitarfélagsins vinni ekki gegn þessum mikilvæga þætti. Þessi tímasetning er í samræmi við framhaldsskólann sem seinkaði skólabyrjun um áramótin 2022 – 2023 til 8:30.

Ábyrgðaraðili: Verkefnastjóri í samstarfi við skólayfirvöld.

Tímarammi: Breytingin taki gildi sem fyrst, helst haustið 2024.

Mælikvarði: Breyting á skólabyrjun hefur átt sér stað.

Fjárbörf: Engin áætluð fjárbörf.



4. Samantekt

Sveitarfélagið Hornafjörður samþykkti að innleiða verkefnið Barnvænt sveitarfélag og með því að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í störf og stefnur sveitarfélagsins. Vinnan við stöðumatið var yfirgripsmikil og tók lengri tíma en áætlað var m.a. vegna mannbreytinga. Þá er sveitarfélagið okkar er víðfemt þó það sé ekki fjölmennt og stundum snúið að ná til allra barna innan þess.

Að lokinni greiningu á gögnum og stöðumati var ákveðið að stofna vinnuhóp innan stýrihópsins til þess að sinna úrvinnslu gagna og uppsetningu aðgerðaáætlunarinnar. Áhersla var á að fulltrúar ungmennaráðs sæti í vinnuhópnum. Hópurinn hittist tvisvar í mánuði og boðaði aðra úr stýrihóp reglulega á fundi til að tryggja gott samráð.

Aðgerðaráætlunin er í fjórum yfirflokkum; 1. Raddir barna. 3. Fræðsla. 3. Umhverfi, öryggi og samgöngur. 4. Menntun og skóli. Aðgerðirnar eru 10 talsins.

Utanaðkomandi aðstæður hafa seinkað vinnu á innleiðingunni og hafa tvö barnaþing verið haldin á tímabilinu. Barnaþing haustið 2021 með aðkomu allra barn í grunn- og framhaldskóla svæðisins auk þess sem aðilum utan skóla að 24 ára aldri var boðin þátttaka. Haustið 2023 var haldið ungmennaþing fyrir börn 13-24 ára samkvæmt aðgerðaáætlun. Því eru til ný gögn sem að hluta til eru komin inn í þessa aðgerðaáætlun en stendur líka til að vinna með í næsta hring. Þessi aðgerðaráætlun sem hér er send inniheldur því nokkur verkefni sem hafin er vinna við nú þegar á meðan önnur hefjast við fyrsta tækifæri. Almennt má þó segja að ungmenni séu sífellt að eflast í þátttöku í sveitarfélaginu.

Eftir smá hökt, heimsfaraldur og starfsmannabreytingar tókst okkur að klára stöðumatið og vinna þessa aðgerðaráætlun. Stöðumatið var mikilvægur leiðarvísir í vinnunni. Framundan er spennandi vinna þar sem aðgerðir líta dagsins ljós, staðan sífellt endurmetin og settar fram nýjar aðgerðir þar til innihald Barnasáttmálans verður gegnumgangandi í öllu starfi sveitarfélagsins.

Fylgiskjal 1 – Sundurliðun á spurningakönnunum

þarf að setja inn

Fylgiskjal 2.- Niðurstöður barnþings.

þarf að setja inn